

388. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 5. febrúar 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Jón Bjarki Jónatansson
Michael Gluszek
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:


- 1) **Fundargerð 189. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 29. janúar 2025.**
Varðandi staðsetningu körfuboltavalla, þá óskar bæjarstjórn eftir því að starfsmenn tæknideildar mæti á næsta fund til að ræða það mál.
Umræða varð um lið 3. Bæjarstjórn telur rétt að vísa þeim lið aftur til nefndarinnar til frekari umfjöllunar.
Fundargerðin, að undanskildum 3. lið, samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 26. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 14. janúar 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 13. janúar 2026.**
Bæjarstjórn tekur undir það að skoða þurfi skólastefnu Snæfellsbæjar og samþykkti að fela bæjarritara að athuga hvernig best væri að fara í þá vinnu.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fáliðunaráætlun Leikskóla Snæfellsbæjar.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela Margrétu Sif og Auði að skoða stefnuna betur og samræma hana við þær áætlanir sem í gildi eru um landið.
- 5) **Fundargerð 78. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.**
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Bréf frá Félagsmiðstöðinni Afdrep, dags. 24. janúar 2025, varðandi Ævintýranámskeið fyrir 10-12 ára börn í Snæfellsbæ í sumar.**
Bæjarstjórn þykir hugmyndin góð, en óskar eftir að fá nánari upplýsingar frá skipuleggjendum um kostnað og fjármögnun.
- 7) **Bréf frá Matvælaráðuneytinu, dags. 22. janúar 2025, varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2024/2025.**
Bæjarstjórn lýsir yfir miklum vonbrigðum með það að verið sé að skerða byggðakvótann í Snæfellsbæ á stórfelldan hátt. Snæfellsbær er sjávarútvegssamfélag þar sem fiskveiðar eru í gangi allt árið um kring. Bæjarstjórn þykir mjög sérstakt að byggðakvóta sé úthlutað til byggða þar sem sjávarútvegur er lítill sem enginn, en Snæfellsbær, þar sem sjávarútvegur er stundaður á heilsársgrundvelli, fær engu úthlutað. Fiskveiðiárið 2013/2014 var 735 tonnum úthlutað til Snæfellsbæjar, en á fiskveiðiárinu 2024/2025 er ekki einu einasta tonni úthlutað til sveitarfélagsins og línuviltun er komin niður í 800 tonn í þorski úr nokkrum þúsundum tonna.

BKH
MS
ES
J13

- 8) **Samþykktir fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólajónustu Snæfellinga, fyrri umræða.**
Bæjarstjórn ræddi samþykktirnar og samþykkti samhljóða að vísa þeim til seinni umræðu í bæjarstjórn í byrjun mars.
- 9) **Bréf frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 20. janúar 2025, varðandi verkfallsboðun félagsins.**
Lagt fram til kynningar.
- 10) **Ályktun haustfundar Félags íþróttta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi, vegna sölu áfengis á íþróttaviðburðum.**
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Bréf frá Umhyggju, dags. 28. janúar 2025, varðandi stöðu fatlaðra barna í verkfalli KÍ.**
Bæjarstjórn tekur undir áhyggjur Umhyggju af þessum málum.
- 12) **Bréf frá Herdís Storgaard, dags. 27. janúar 2025, varðandi Miðstöð slysavarna barna.**
Bæjarstjórn sér sér ekki fært að verða við þessu erindi að þessu sinni.
- 13) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins 2024.
 - Bæjarstjóri sagði frá verkfalli leikskólakennara í Snæfellsbæ.
 - Bæjarstjóri ræddi málefni Jaðars.
 - Bæjarstjóri ræddi viðbrögð við snjóflóðunum sem féllu í Enninu fyrir helgi.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:28


Björn H Hilmarsson



Jónína Björg Óttarsdóttir



Michael Gluszek



Auður Kjartansdóttir


Margrét Sif Sævarsdóttir


Jón Bjarki Jónatansson


Fríða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari